



Grant Thornton

**Samantekt úr skýrslu óháðs sérfræðings um fyrirhugaða
áætlun um yfirfærslu á hluta af líftryggingaviðskiptum
frá Aviva Life & Pensions UK Ltd til Friends First Life
Assurance Company DAC.**

Unnið af Tim Roff FIA

26. september 2018

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Samantekt á niðurstöðum mínum í skýrslunni.....	9
3	Áhrif yfirlærslunnar á yfirlærða tryggingataka.....	10
4	Áhrif yfirlærslunnar á eftirstandandi tryggingataka UKLAP.....	20
5	Áhrif yfirlærslunnar á núverandi tryggingataka ALPI DAC.....	22
6	Önnur mál	23

1 Inngangur

Forsaga og tilgangur áætlunarinnar sem lögð er til

- 1.1 Aviva Life & Pensions UK Ltd er einkahlutatryggingafélag skráð í Bretlandi. Áður þekkt sem Norwich Union Life and Pensions Ltd, en breytti nafni sínu í Aviva Life & Pensions UK Ltd (“UKLAP”) þann 1. Júní 2009 og er í fullri eigu Aviva plc.
- 1.2 UKLAP hefur gefið út líftryggingar og lífeyrstryggingar í ýmsum löndum Evrópska efnahagssvæðisins („EES“) þ.m.t. Frakklandi, Belgíu, Þýskalandi, Írlandi, Íslandi og Svíþjóð bæði á grundvelli þjónustufrelsis¹ og stofnunarfrelsis² undir ESB reglugerðum (þjónustufrelsi og stofnunarfrelsi er almennt vísað til sem „ESB vegabréfaréttindi“).
- 1.3 Friends First Life Assurance Company Designated Activity Company (“FFLAC“) er einkahlutafélag stofnað og staðsett í Írlandi og er dótturfélag í heildareigu UKLAP.
- 1.4 FFLAC verður endurnefnt Aviva Life & Pensions Ireland Designated Activity Company (“ALPI DAC“) á sama tíma og áætlunin (sjá efnisgrein 1.6 hér að neðan) tekur gildi. Í þessu skjali verður vísað til FFLAC sem ALPI DAC.
- 1.5 Þann 23. júní 2016 kaus Bretland að fara úr ESB. Þann 29. mars 2017, tilkynnti Bretland Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um ætlun sína um að draga sig út úr ESB („Brexit“). Áætlað er að útganga Bretlands úr ESB taki gildi þann 29. mars 2019. Búist er við að vegna Brexit, geti bresk tryggingafélög þ.m.t. UKLAP, ekki lengur haldið áfram að þjónusta tryggingar sem seldar voru undir vegabréfaréttindum ESB.
- 1.6 Í undirbúningi fyrir Brexit, áætla UKLAP að yfirfæra rekstur sinn sem stofnað var til undir ESB vegabréfaréttindum („Yfirfærsla trygginga“) til ALPI DAC. Yfirfærsla rekstursins verður framkvæmd í samræmi við lagalegt ferli sem kallast Kafli VII yfirfærsla. Tryggingayfirfærsluáætlun, eins og hún er skilgreind í kafla VII af lögum um fjármagnsþjónustu 2000, leyfir yfirfærslu á öllu eða hluta tryggingafyrirtækis til annarrar stofnunar. Skjalið sem útlistar skilyrði yfirfærslunnar kallast „áætlunin“. Áætlunin mun gera kleift að halda áfram að sinna yfirfærðum tryggingum óháð niðurstöðu Brexit samninganna.
- 1.7 Þegar þetta er skrifað eru enn verið að semja um skilmála Brexit. Hver svo sem útkoman úr samningsviðræðunum verður mun áætlunin halda áfram.
- 1.8 Ef ætlunin verður samþykkt af dómstólum er áætlað að hún muni taka gildi klukkan 22:59 BST þann 29. mars 2019 („Gildistími“). Í stjórnunar- og bókhaldstilgangi, verður útreikningur framkvæmdur miðað við 31. mars 2019 þar sem það passar við venjulegan ársfjórðungslega skýrslugjöf Aviva Group. Þessi nálgun er sanngjörn að því gefnu að útreikningsdagsetning er aðeins tveimur dögum eftir gildistöku tíma og markaðir verða að miklu leyti lokaðir á þessu tímabili þar sem 30. mars 2019 er laugardagur og 31. mars 2019 er sunnudagur.

¹ Rétturinn til að veita viðskiptaþjónustu þvert á landamæri innan EES. Fyrir tryggingasamninga þýðir þetta að hægt er að vátryggja samning í aðildarríki EES sem er annað en aðildarríkið sem áhættan er staðsett í.

² Réttindi vátryggjanda sem staðsettur er í aðildarríki EES til að vátryggja áhættu sem staðsett er í öðru EES aðildarríki með því að koma á fót viðvarandi viðveru í því EES aðildarríki.

Tilgangur þessa skjals

- 1.9 Gerð er krafa um það þegar áætlun um flutning tryggingaviðskipta frá einu fyrirtæki til annars er lögð fyrir Hæstarétt Englands og Wales („dómstóll“) til samþykkis verði að fylgja henni skýrsla frá aðila sem hefur reynslu af tryggingamálum og er óháður viðkomandi fyrirtækjum („óháður sérfræðingur“).
- 1.10 Ég, Timm Roff, hef verið skipaður óháður sérfræðingur til að taka saman skýrsluna, sem kveðið er á um, um tillagða áætlun.
- 1.11 Sem óháður sérfræðingur hef ég lagt mat á þau áhrif sem vænta má að fyrirhugaða yfirfærslan (sjá málsgrein 1.15 hér að neðan) hafi á ólíka hópa tryggingataka hjá UKLAP og ALPI DAC, einkum hvort líklegt sé að um verði að ræða neikvæð efnisleg áhrif fyrir tryggingataka sem flytjast frá UKLAP til ALPI DAC samkvæmt áætluninni („yfirfærðir tryggingatakar“). Ég hef skrifað skýrslu („Skýrsla“) þar sem ég set fram mín sjónarmið um áætlunina. Tilgangur skýrslunnar er að hjálpa dómstólnum við að ákvarða hvort leyfa skuli framkvæmd áætlunarinnar.
- 1.12 Þetta skjal („Yfirlitsskýrsla“) setur fram yfirlit áætlunarinnar ásamt yfirliti yfir mat mitt á því hvernig fyrirhugaða yfirfærslan hefur áhrif á hina ýmsu hópa tryggingataka. Heildarmat mitt á yfirfærslunni er sett fram í skýrslunni. Hægt er að nálgast eintak af skýrslunni og af áætluninni á vefsvæði yfirfærslunnar (<https://transfer.aviva.com/is/skjol>).
- 1.13 Yfirfærsluskýrslan er send til allra yfirfærðra tryggingataka og allra tryggingataka í ALPI DAC fyrir yfirfærsluna („Núverandi tryggingatakar“).

Óháði sérfræðingurinn

- 1.14 Ég er félagi í Institute and Faculty of Actuaries og hef meira en 30 ára reynslu af líftryggingageiranum. Ég er meðeigandi í endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtækinu Grant Thornton UK LLP. Ég er ótengdur þeim fyrirtækjum sem koma við sögu í áætluninni og Prudential Regulation Authority („PRA“) að höfðu samráði við Financial Conduct Authority („FCA“) hefur samþykkt tilnefningu mína. PRA og FCA bera ábyrgð á eftirliti með breskum tryggingafélögum.

Aðferðafræði mats

- 1.15 Ég hef tekið til skoðunar áhrif fyrirhuguðu yfirfærslunnar á fjölda mismunandi hópa tryggingataka:
 - Yfirfærðir tryggingatakar – tryggingatakar sem færast frá UKLAP til ALPI DAC í samræmi við áætlunina
 - Eftirstandandi tryggingatakar – tryggingatakar í UKLAP sem yfirfærast ekki til ALPI DAC og
 - Núverandi tryggingatakar – tryggingatakar ALPI DAC, fyrir yfirfærsluna.
- 1.16 Ég hef ennfremur skipt yfirfærðum tryggingatökum í þrjá undirhópa, þar sem fyrirhugaða yfirfærslan mun hafa mismunandi áhrif á þessa undirhópa. Undirhóparnir þrír eru:
 - Írsk viðskipti með tryggingar í hagnaðarskyni - öll viðskipti í hagnaðarskyni sem yfirfærð eru til UKLAP undir áætlun sem kallaðist Írsla áætlunin og öll viðskipti í hagnaðarskyni sem tryggð eru af útibúi UKLAP í Írlandi (fyrir utan CGNU Life business sem tryggt er í Írlandi);

- Írsk viðskipti án hagnaðar – öll viðskipti án hagnaðar³ sem voru áður flutt undir írsku áætluninni og öll viðskipti án hagnaðar tryggð frá írsku útibúinu (fyrir utan CGNU Life tryggt í Írlandi); og
- OLAB – allur váttryggingarekstur í Frakklandi, Belgíu, Þýskalandi, Íslandi, Svíþjóð og CGNU Life váttryggingareksturinn í Írlandi undir þjónustufrelsi- og stofnunarfrelsisreglum.

1.17 Til þess að mynda mér skoðun hef ég tekið tilliti til þó nokkurra mismunandi svæða. Þau eru:

- Öryggi bóta;
- Geta fyrirtækja til beita ákvörðunarrétti þegar kemur að því að ákvarða tryggingabætur;
- Áhrifin á bótavæntingar tryggingataka;
- Þjónustustig sem tryggingatakar upplifa;
- Áhrif reglugerða; og
- Áhrif skatta og kostnaðar.

1.18 Ég hef tekið tillit til þess hvernig hvert þessara svæða á við um hvern hóp tryggingataka.

Viðskipti sem verða flutt

1.19 Samkvæmt áætluninni færast allir yfirlærðir tryggingatakar frá UKLAP til ALPI DAC.

1.20 Taflan hér að neðan sýnir tölu trygginga og besta mat á skuldbindingu (“BEL”) fyrir yfirlærslu trygginga þann 31. desember 2017. BEL er mælieining sem notuð er að tryggingafyrirtækjum til að setja verð á skuldbindingar tryggingataka.

Yfirlærsla trygginga		Tala trygginga	BEL (£m)
Írsk viðskipti í hagnaðarskyni	Í hagnaðarskyni	8.644	731
Írsk viðskipti án hagnaðar	Án hagnaðar	247.773	5.139
OLAB	Án hagnaðar og í hagnaðarskyni	205.861	1.154
Samtals		462.278	7.024

³ Í þessari yfirlitsskýrslu eiga allar tilvísanir til fyrirtækja sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni einnig við einingategnd viðskipti. Þar sem athugasemdir eiga eingöngu við einingategnd viðskipti, hef ég tekið það skýrt fram í skýrslunni.

Yfirlit yfir áætlunina

- 1.21 Samkvæmt áætluninni mun meirihluti trygginga sem UKLAP hefur gefið út undir vegabréfaréttindum ESB verða yfirfærðar til ALPI DAC. Allir tryggingatakar sem eru með tryggingar sem voru seldar undir stofnunarfrælsi verða yfirfærðir. Til þess að skilgreina tryggingar sem seldar voru á grundvelli þjónustufrelsis, hefur UKLAP notað vörugrunnaða nálgun. Það þýðir að aðeins tryggingatakar sem hafa keypt vöru sem voru markaðssettar og seldar til einstaklinga í EES ríkjum eru meðhöndlaðir eins og þær hafi verið seldar á grundvelli þjónustufrelsis. Þar af leiðir að tryggingar tryggingataka sem voru búsettir í EES ríki (fyrir utan Bretland) en keyptu vöru sem markaðssett var fyrir breska markaðinn, eða tryggingatakar sem keyptu breska vöru og fluttu síðan til EES ríkis, verða ekki taldir með yfirfærðum tryggingum.
- 1.22 UKLAP og ALPI DAC innihalda hvort um sig þó nokkra mismunandi sjóði. Yfirfærslu trygginga vegna áætlunarinnar má draga saman í:
- Írsk viðskipti í hagnaðarskyni verða yfirfærð frá UKLAP Irish WPSF yfir í nýjan sjóð, ALPI Irish WPF, hjá ALPI DAC og verður stjórnad frá Írlandi. Það tryggir að þessar tryggingar fái áfram þjónustu þrátt fyrir Brexit. Áætlunin felur í sér ráðstafanir til að tryggja að fyrirhugaða yfirfærslan hafi ekki efnislega neikvæð áhrif á tryggingabætur írskra fyrirtækja í hagnaðarskyni.
 - Írsk viðskipti án hagnaðar verða yfirfærð frá UKLAP NPSF til ALPI DAC annar viðskiptasjóður og verður stjórnad í Írlandi. Það tryggir að þessar tryggingar fái áfram þjónustu þrátt fyrir Brexit. Áætlunin felur í sér ráðstafanir til að tryggja að fyrirhugaða yfirfærslan hafi ekki efnislega neikvæð áhrif á tryggingabætur írskra fyrirtækja án hagnaðar.
 - OLAB tryggingar verða yfirfærðar frá UKLAP til ALPI DAC. Nýir sjóðir verða settir upp í ALPI DAC fyrir yfirfærðar tryggingar. Þessir sjóðir munu samsvara sjóðum í hagnaðarskyni hjá UKLAP þaðan sem OLAB tryggingar eru yfirfærðar. OLAB sjóðirnir sem eru núna innan UKLAP NPSF verða fluttir í ALPI DAC annan viðskiptasjóð, sem er núverandi sjóður.
- 1.23 Eftir fyrirhuguðu yfirfærsluna mun UKLAP ekki lengur selja tryggingar til íbúa í öðrum EES-ríkjum en Bretlands, og írskum, frönskum og belgískum útibúum UKLAP verður lokað. UKLAP mun hætta að selja nýjum fyrirtækjum í Írlandi rétt fyrir gildistíma.
- 1.24 ALPI DAC mun halda áfram að selja fyrirtækjum í Írlandi og halda áfram að taka við stighækkunum á yfirfærslum trygginga á sama hátt og UKLAP gerir núna. Í augnablikinu er ekki hægt að stighækka belgísk viðskipti, og það mun ekki breytast með áætluninni. ALPI DAC mun setja upp tvö útibú í Frakklandi og Belgíu, sem munu ekki selja nýjar tryggingar heldur munu spegla útibúsuppyggingu UKLAP fyrir fyrirhuguðu yfirfærsluna.
- 1.25 Í áætluninni felst að yfirfærðar tryggingar færast frá UKLAP til ALPI DAC. Engu að síður eru ýmis vandamál við smáatriði áætlunarinnar (lýst hér að neðan) og til þess að draga úr þessum vandamálum, verður nýjum endurtryggingarsamningi og samningi um fljótandi gjald komið á samhliða áætluninni. Ég vísa til áætlunarinnar ásamt samningi um fljótandi gjald og nýs endurtryggingarsamnings sem „yfirfærslunnar“.

Uppbygging yfirfærslunnar

1.26 Á gildistíma mun eftirfarandi ferli eiga sér stað:

- Samkvæmt skilmálum áætlunarinnar munu yfirfærðu tryggingarnar verða fluttar frá UKLAP til ALPI DAC;
- OLAB tryggingar verða endurtryggðar frá ALPI DAC til UKLAP undir nýjum endurtryggingarsamningi („Brexit endurtrygging“); og
- UKLAP og ALPI DAC munu gangist inn á samning um fljótandi gjald („Gjalddið“) með tilliti til OLAB trygginga sem verða endurtryggðar aftur til UKLAP.

Af hverju er Brexit endurtryggingin nauðsynleg?

1.27 Auk yfirfærslu trygginga og tengdra skuldbindinga, felur kafla VII flutningur venjulega í sér flutning á eignum. Þessar eignir endurspeglar umsamin hluta sjóðsins sem samsvarandi skuldbindingar eru tengdar. Fyrir viðskipti án hagnaðar og einingatengd viðskipti, er það tiltölulega vafningalaust ferli fyrir þann sem er fluttur og þann sem flytur að komast að samningi um hvaða eignir skal flytja.

1.28 Fyrir viðskipti í hagnaðarskyni er þetta ferli ekki vafningalaust, nema allur sjóðurinn sé fluttur. Ferlið þyrfti að taka tillit til hagsmuna „yfirfærðra tryggingataka“ í eigninni (þeim hluta sjóðs í hagnaðarskyni sem er ekki úthlutað til skuldbindinga tryggingataka) og verðmæti hverskonar stuðningsráðstafanna, auk tryggingaskuldbindinga. Ennfremur þyrfti ferlið að tryggja að skipting eignanna væri sanngjörn bæði fyrir eftirstandandi tryggingataka og yfirfærðra tryggingataka. Ferlið til að ákvarða hvernig á að skipta eignum sjóða í hagnaðarskyni er flókið og krefst oft samþykkis dóms. Ferlið getur tekið allt að 18 mánuði að ljúka og ekki væri hægt að klára það fyrir Brexit.

1.29 Við gildistíma mun Brexit endurtryggingin verða sett upp til að endurbyggja OLAB tryggingar frá ALPI DAC til UKLAP. Markmið Brexit endurtryggingarinnar er að draga úr þörfinni á að skipta sjóðum í hagnaðarskyni sem innihalda OLAB tryggingar og gera OLAB-tryggingatökum kleift að deila eignum sjóðsins í hagnaðarskyni sem þeim er núna úthlutað til. Brexit endurtryggingin dregur einnig úr þörfinni á að setja upp nýjan OLAB einingatengdan sjóð í ALPI DAC og tryggir að OLAB einingatengdir tryggingatakar hafi áfram aðgang að samskonar úrvali einingatengdra sjóða fyrir og eftir yfirfærsluna. Það tryggir einnig að OLAB tryggingar haldi áfram að falla undir samskonar stuðningsráðstafanir. OLAB tryggingarnar án hagnaðar verða einnig endurtryggðar aftur til UKLAP; það er til að draga úr hverskonar rekstrarlegum flækjum þar sem einhverjir einstakir tryggingatakar gætu verið með bæði einingatengdar og án hagnaðar tryggingar.

1.30 Ég tek Brexit endurtrygginguna til frekari grandskoðunar í skýrslunni. Á heildina litið er ég sáttur við að Brexit endurtryggingin gefi eðlilega nálgun í samhengi yfirfærslunnar. Það er vegna þess að:

- Hægt er að stjórna sjóðum í hagnaðarskyni og einingatengdum sjóðum á sama hátt fyrir og eftir yfirfærsluna;

- hinn möguleikinn að skipta sjóði í hagnaðarskyni gæti leitt til slæmra áhrifa fyrir OLAB tryggingataka (þar sem nýi sjóðurinn sem þeir væru fluttir yfir í væri verulega minni en sjóðurinn í hagnaðarskyni sem þeir eru í núna) samanborið við útkomuna ef Brexit endurtryggingunni er komið á; og
- það er ekki nógur tími innan Brexit tímálinunnar til að ljúka ferlinu sem nauðsynlegt er til að skipta upp sjóðum í hagnaðarskyni.

Vandamál sem tengjast Brexit endurtryggingu

- 1.31 Vegna Brexit endurtryggingarinnar er ALPI DAC útsett fyrir fjárhagsstöðu UKLAP. Þar að auki án frekari breytinga verða ALPI DAC ekki meðhöndlaðir á sama hátt og tryggingatakar beint frá UKLAP ef svo ólíklega vill til að UKLAP verði gjaldþrota. Það er vegna þess að ALPI DAC væri ótryggður lánadrottinn UKLAP og kæmi á eftir tryggingatökum UKLAP í röðinni sem er verri staða fyrir yfirfærða tryggingataka sem eru á sama stað í röðinni og tryggingatakar beint frá UKLAP fyrir færsluna. Til að draga úr þessu verður gjaldinu komið á.

Gjaldið

- 1.32 Leiðin sem ALPI DAC nær sömu stöðu og tryggingatakar beint af UKLAP ef kemur til gjaldþrots UKLAP er í gegnum gjaldið, sem er fljótandi gjald yfir allar eignir UKLAP. Gjaldið undanskilur hverskonar eignir sem falla undir fasta tryggingu, yfir hverjum UKLAP er bannað, annað hvort algerlega eða með skilyrðum, að hafa sem tryggingu, þ.m.t. þar sem fyrirfram samþykkið væri krafist.
- 1.33 Ég tek gjaldið til frekari skoðunar í skýrslunni. Í heild er ég sáttur við að gjaldið gefi sanngjarna nálgun í samhengi þessarar yfirfærslu þar sem ráðstafanir innan gjaldsins samstillta endurheimtir ALPI DAC við beina tryggingataka UKLAP.

Lok Brexit endurtryggingar

- 1.34 Háð vissum skilyrðum gæti verið bundinn endir á Brexit endurtrygginguna í framtíðinni. Hvorki áætlunin né Brexit endurtryggingin krefjast þess að ALPI DAC eða UKLAP láti tryggingataka vita ef bundin verður endir á Brexit endurtrygginguna. Engu að síður, ef það kæmi til, setja áætlunin og Brexit endurtryggingin fram aðferðafræði til að skipta sjóðum í hagnaðarskyni og innihalda ákvæði til að tryggja að ferlið sem þarf að fylgja sé sanngjarnt gagnvart öllum tryggingatökum.
- 1.35 Ég tek lok Brexit endurtryggingar til skoðunar í skýrslunni. Á heildina litið er ég sáttur við að áætlunin og Brexit endurtryggingin veiti viðeigandi vernd fyrir tryggingataka ef til þess skyldi koma að bundin sé endir á Brexit endurtrygginguna.

1.36 Eftirfarandi tafla dregur saman vandamálin og mildandi þáttina sem lýst er að ofan.

Vandamál	Mildandi þáttur
Tryggir að UKLAP tryggingar sem seldar eru á þjónustufrelsi eða stofnunarfrelsi grundvelli fái áfram þjónustu eftir Brexit.	Áætlunin
OLAB í hagnaðarskyni tapar aðgangi að eignum sjóðsins með hagnaði í UKLAP sem hann flyst úr vegna áætlunarinnar (í aðskilnaði)	Brexit endurtrygging
Einingatengd OLAB tapar aðgangi að einingasjóðum sem þeir höfðu aðgang að vegna áætlunarinnar (í aðskilnaði)	
ALPI DAC er útsett fyrir fjárhagsaðstæðum UKLAP	Gjaldið
ALPI DAC tryggingatakar og UKLAP tryggingatakar eru ekki meðhöndlaðir á jafnréttisgrundvelli ef svo ólíklega vill til að UKLAP verði gjaldþrota	Gjaldið
Lok Brexit endurtryggingar	Skilmálar lokunar Brexit endurtryggingar og sérstök ákvæði innan áætlunarinnar

2 Samantekt á niðurstöðum mínum í skýrslunni

- 2.1 Hér að neðan eru útlistað yfirlit yfir niðurstöður mínar með tilliti til yfirfærslunnar, frekari upplýsingar um þær koma fram í skýrslunni.
- 2.2 Í stuttu máli er það álit mitt að framkvæmd fyrirhugaðrar áætlunar, Brexit endurtryggingar og gjaldsins við gildistíma muni ekki hafa efnislega neikvæð áhrif á öryggi bóta eða framtíðar bótavona nokkurra af yfirfærðum tryggingatökum, eftirstandandi tryggingatökum UKLAP eða núverandi tryggingatökum ALPI DAC.
- 2.3 Það er einnig skoðun mín að yfirfærslan muni ekki hafa nein veruleg áhrif á stjórnunarhætti eða þjónustustig til nokkurra yfirfærðra tryggingataka, eftirstandandi tryggingataka hjá UKLAP eða núverandi tryggingataka hjá ALPI DAC.
- 2.4 Financial Services Compensation Scheme („FSCS“) er lögbundinn „neyðarsjóður“ í Stóra-Bretlandi fyrir tryggingataka og lítil fyrirtæki (með ársveltu upp á minna en 1.000.000 GBP) þegar tryggingarfélag getur ekki uppfyllt skuldbindingar sínar. Hann verndar tryggingataka á meðan tryggingu þeirra stendur ef fjármálaþjónustufyrirtæki verður ógjaldfært. Tap á FSCS vernd fyrir þessara yfirfærðu tryggingataka stafar af því að þeir eru færðir frá Bretlandi til annars váttryggingaraðila í öðru ESB-landi. Engu að síður, gæti það orðið ólöglegt, eftir Brexit, fyrir UKLAP að halda áfram að sjá um flutningstryggingar. Að mínu áliti eru áhrifin af tapi á FSCS vernd marktvert efnisminni en þörfin á fullvissu um að AVIVA Group geti stjórnað yfirfærðum tryggingum eftir Brexit. Ennfremur gefur

FSCS vernd þegar kemur til gjaldþrots og að mínu áliti þar sem UKLAP og ALPI DAC eru með góða eiginfjárstöðu, er hættan á gjaldþroti þessara tveggja aðila fjarlægur möguleiki, þannig að líkurnar á að tryggingatakar þurfi að leita til FSCS eru jafn fjarlægjar.

- 2.5 Ég hef einnig tekið tillit til tap á aðgangi að þjónustu Umboðsmanns fjármála („FOS“) fyrir suma yfirfærða tryggingataka. FOS er sjálfstæður aðili sem sett var upp til að hafa milligöngu í einstökum kvörtunum sem neytendur og fjármagnsfyrirtæki geta ekki leyst úr sjálf.
- 2.6 Meirihluti yfirfærðra tryggingataka mun áfram hafa aðgang að sömu umboðsmannsþjónustu eftir yfirfærsluna og þeir höfðu fyrir yfirfærsluna. Yfirfærsla trygginga sem gefnar eru út á grundvelli þjónustufrelsis (islenskar, sænskar og þýskar) mun tapa aðgangi að FOS í Bretlandi þegar kemur að málefnum sem koma upp eftir gildistöku á áætlunarinnar, en munu þess í stað hafa aðgang að Umboðsmanni fjármagnsþjónustu og lífeyrissjóða („FSPO“) á Írlandi. Á heildina séð er þjónustan sem FSPO veitir samsvarandi þeirri sem FOS veitir, þó það sé einhver munur þegar kemur að tímafresti til að leggja fram kvartanir og hámarki á bótum.
- 2.7 Á heildina litið, að mínu áliti, eru breytingar á aðgangi að þjónustu umboðsmanns vegna áætlunarinnar ekki taldar hafa efnislega neikvæð áhrif á yfirfærða tryggingataka.
- 2.8 Brexit endurtryggingin og gjaldið eru mikilvægur hluti af þessari yfirfærslu þar sem þau eru sett upp til að tryggja að áætlunin hafi ekki efnislega neikvæð áhrif á tryggingataka. Ég hef skoðað Brexit endurtrygginguna og gjaldið og það er álit mitt að Brexit endurtryggingin geri tryggingum með hagnaði kleift að halda áfram þátttöku í sjóðum sem þær eru núna í og einingatengdum tryggingum áframhaldandi aðgang að einingatengdum sjóðum sem þau hafa núna aðgang að. Gjaldið samstillir vexti ALPI DAC við þá sem eru beinir tryggingatakar hjá UKLAP í tengslum við dreifingu eigna UKLAP ef til þess kemur að UKLAP verður gjaldþrota. Ennfremur eru að mínu áliti líkurnar á að annað hvort UKLAP eða ALPI DAC verði gjaldþrota afar litlar.
- 2.9 Ef til þess kemur að bundinn sé endir á Brexit endurtryggingu í framtíðinni, er ég sáttur við að áætlunin veiti tryggingatökum nægilega vernd til að tryggja að þeir séu meðhöndlaðir á sanngjarnan hátt.
- 2.10 Á heildina litið er ég sáttur við að yfirfærslan sé sanngjörn fyrir alla flokka og kynslóðir tryggingataka UKLAP og ALPI DAC.

3 Áhrif yfirfærslunnar á yfirfærða tryggingataka

Bótaöryggi tryggingataka

- 3.1 Einn af lykilþáttum mats míns á áhrifum yfirfærslunnar á tryggingataka er að skoða bótaöryggi tryggingataka. Greining mín á áhrifum yfirfærslunnar á öryggi tryggingataka tekur tillit til magns fjármagns sem tiltækt er UKLAP og ALPI DAC, getu þeirra til að uppfylla greiðsluhæfiskröfur, stjórnunarstefnu og innra

mat þeirra á núverandi og framreiknaðri eiginfjárstöðu. Lykillinn að þessum íhugunarefnum er skilningur á áhættusniðum UKLAP og ALI DAC, bæði fyrir og eftir yfirfærsluna, þar sem hverskonar veruleg breyting á áhættusniðum fyrirtækjanna sem leiðir af yfirfærslunni gæti mögulega haft áhrif á öryggi tryggingataka.

- 3.2 Bótaöryggi er geta tryggingafélags til að mæta kröfum þegar þær koma upp. Algengur kvarði á öryggi í tryggingargeiranum er gjaldþolskröfuhlutfall („SCR hlutfall“). Hún segir til um tiltækt fjármagn sem hlutfall af nauðsynlegu eigin fé. Þar sem þessi kvarði er í almennri notkun, hef ég notað hann í greiningu minni. Flest tryggingafélög eru með SCR hlutfalls markmið sem þau vilja viðhalda. Tryggingafélög vakta venjulega hversu nálægt markmiði SRC raunverulega er. Þau eru venjulega með varaáætlun til staðar þannig að ef raunverulegt SCR hlutfall fellur undir markmiðs SCR hlutfall geta þau komið því aftur upp í markmið yfir vissan tíma.
- 3.3 Með því að notast við upplýsingar frá UKLAP og ALPI DAC hef ég gert úttekt á eignum og skuldum UKLAP og ALPI DAC eins og þær voru 31. desember 2017 og væntri stöðu hefði áætlunin verið til staðar á þeim tíma. Nýjustu tiltæku upplýsingarnar eru frá þessum degi. Eina efnislegi atburðurinn sem hefur gerst frá þessari dagsetningu eru kaup á ALPI DAC sem eru skoðuð nánar í skýrslunni. Engir aðrir efnislegir atburðir hafa gerst sem gætu haft áhrif á niðurstöður mínar.
- 3.4 Undir áætluninni þarf UKLAP að setja eiginfjárinnsþýtingu í ALPI DAG til að tryggja að ALPI DAC sé með eiginfjárstöðu upp að SCR hlutfalli upp á 150% miðað við gildistökutíma. SCR hlutföllin fyrir og eftir yfirfærsluna hefði áætlunin verið tekin í notkun 31. Desember 2017 eru svipuð og eru sett fram hér að neðan;

	UKLAP Fyrir yfirfærsluna	ALPI DAC Eftir yfirfærsluna
SCR hlutfall	152%	150%

- 3.5 Ég hef farið yfir framreiknað eiginfé bæði UKLAP og ALPI DAC. Sérstaklega hef ég tekið til skoðunar þau álags- og sviðsmyndarpróf sem UKLAP og ALPI DAC hafa framkvæmt. Á heildina litid er ég sáttur við að yfirgrip og dýpt greiningarinnar sem UKLAP framkvæmdi sé viðeigandi og samkvæm því sem ég hef almennt séð í öðrum fyrirtækjum sem ég tel vera jafningja UKLAP. Miðað við skoðun mína er ég sáttur við að bæði UKLAP og ALPI DAC séu með nægilegt eiginfjármagn til að þola öfgakenndar aðstæður.
- 3.6 Gjaldþolsstaða fyrirtækis getur breyst með tímanum, það getur verið vegna breytinga á markaðsaðstæðum sem gætu haft áhrif á eignir og skuldbindingar eða vegna annarra þátta svo sem breytinga á tryggingaáhættu sem fyrirtækið tekur á sig. Fyrirtæki leitast almennt við að stýra þessu með því að samþykkja stjórnunarstefnur sem hafa það að markmiði að verja gjaldþol. Þetta felur meðal annars í sér áhætturamma og samþykktan áhættuvilja sem fyrirtækið starfar samkvæmt. Ég hef fengið innri upplýsingar frá stjórnendum um fyrirkomulag stjórnarháttá, áhættuvilja, áhættutakmörk og stefnu um eigið

fé (sem UKLAP nefnir stefnu áhættustjórnunarramma). Bæði UKLAP og ALPI DAC eru með stefnur til staðar til að stjórna eigin fé, sem Aviva Group vísar til sem gjaldþolsáhættuvilja („SRA“). SRA UKLAP og ALPI DAC eru í samræmi við SRA hjá Aviva Group. Heilt á litið tel ég að þessar varnir séu skynsamlegar og sambærilegar leiðir til að gæta gjaldþols.

- 3.7 Báðir aðilar eru með eiginfjármagn að stigi sem er í takti við SRA eða hærra, og munu halda áfram að vera á þessu stigi strax eftir yfirfærsluna. Heilt á litið tel ég að yfirfærslan sé ekki líkleg til að hafa nokkur efnislega neikvæð áhrif á bótaöryggi yfirfærðra tryggingataka.
- 3.8 Ég hef tekið til skoðunar áhættusnið bæði UKLAP og ALPI DAC fyrir og eftir yfirfærsluna með tilvísun til áhættuhluta óáhættudreifðrar gjaldþrotkröfu („SCR“) (summu einstakra áhættuþátta án þess að gert sé ráð fyrir neinum ávinningi af áhættudreifingu á milli áhættu). Þrjár stærstu áhættur hjá UKLAP fyrir yfirfærsluna og ALPI DAC eftir yfirfærsluna eru sýndar í töflunni hér að neðan:

UKLAP fyrir yfirfærsluna	ALPI DAC eftir yfirfærsluna
Langlífi	Ógilding
Lánsfé	Langlífi
Ógilding	Sjúkdómsbyrði

- 3.9 Ég ræði áhættusnið UKLAP og ALPI DAC í skýrslunni. Á heildina litið bendi ég á að áhættusnið UKLAP og ALPI DAC eru eilítið ólíkar. Engu að síður er ég sáttur við að þessi mismunur er ekki óviðeigandi eða óhóflegur og er ólíklegt að hafi neikvæð áhrif á öryggi yfirfærðra tryggingataka. Ennfremur eru áhætturnar sem yfirfærðir tryggingatakar eru útsettir fyrir innan ALPI DAC dæmigerðar áhættur sem tengjast flutningi á tryggingarekstri. Þar af leiðir að ALPI DAC er fært um að stjórna þessum áhættum í venjulegum rekstri þess. Ég er einnig sáttur við að gjaldið sé þýðingarmikil vörn gegn greiðslufalli mótaðila sem tengist Brexit endurtryggingunni.

Áhrif kostnaður áætlunarinnar á alla yfirfærða tryggingataka

- 3.10 UKLAP og ALPI DAC munu greiða þennan eins tíma kostnað og fjárútlát áætlunarinnar. Hluthafar viðkomandi félaga bera þennan kostnað.
- 3.11 Hverskonar frekari viðvarandi kostnaður sem til fellur vegna áætlunarinnar fellur einnig á hluthafa UKLAP eða ALPI DAC. Mögulegt er að þessi stefna breytist í framtíðinni, en viðkomandi stjórnunarhættir munu engu að síðar eiga við, þar á meðal samráð við hagnaðarnefnd („WPC“) UKLAP⁴ með tilliti til hagnaðar trygginga. Eftir yfirfærsluna þarf tryggingastjóri („HoAF“) ALPI DAC að gefa skýrslu um hverskonar vandamál sem WPC tilkynnir til stjórnar ALPI DAG: Skýrslu HoAF þarf einnig að deila með Seðlabanka Írlands („CBI“) írsku eftirlitsstofnuninni. Þannig að ef WPC væri ósammála einhverjum tillögðum framtíðarbreytingum á úthlutun viðvarandi kostnaðar sem tengist áætluninni, er viðeigandi ferli til staðar þannig að WPC geti haldið áfram með áhyggjuefni sín.

⁴WPC ber ábyrgð á yfirumsjón með stjórnun á rekstri í hagnaðarsjónarmiði í UKLAP.

- 3.12 Að mínu álitum leiðir áætlunin ekki til efnislegar aukningar á kostnaði sem yfirfærðir tryggingataka bera. Þar að auki er ég sáttur við að ef ihugað væri að koma öðrum kostnaði yfir á tryggingataka séu viðeigandi stjórnunarferli til staðar til að veita tryggingatökunum nægilega vörn.

Samskipti við yfirfærða tryggingataka

- 3.13 Tryggingatökum sem verða færðir verður sendur samskiptapakki sem inniheldur fylgibréf, bækling með spurningum og svörum sem útskýra áætlunina, yfirlit yfir áætlunarskjölin og lögbirtingu. Yfirlitsskýrslan verður einnig send til yfirfærðra tryggingataka. Bréfið mun upplýsa þá um áætlunina og rétti þeirra til að andmæla. Skilmálar áætlunarinnar, skýrslan og yfirlitsskýrslan verða einnig tiltæk við beiðni og á vefsíðu yfirfærslunnar (<https://transfer.aviva.com/is/skjol>).
- 3.14 Ég hef farið yfir samskiptastefnu UKLAP og upplýsingarnar sem tryggingatökum verða veittar til að upplýsa þá um áætlunina. Samskiptapakkin hefur verið sérsníðinn að mismunandi hópum tryggingataka og verður þýddur á þau tungumál sem venjulega eru notuð til samskipta við þá. Ég hef farið yfir ferlið sem UKLAP hefur notað til að þýða samskipti tryggingataka og ég er sáttur við að það tryggji að skjölin séu hæf tilgangi sínum og þau séu ekki villandi.
- 3.15 Ég er sáttur við að samskiptastefna UKLAP sé viðeigandi og ég hef farið yfir ensku útgáfunar af samskiptunum sem verða send til tryggingataka. Ég er sáttur við að samskiptin séu viðeigandi, skýrt orðuð og ekki villandi. Þar að auki innihalda samskiptin þær lykilupplýsingar sem ég tel að séu viðeigandi miðað við reynslu mína af öðrum áætlunum.
- 3.16 Hér að neðan tek ég núna til skoðunar áhrif yfirfærslunnar á mismunandi undirhópa yfirfærðra tryggingataka. Ég skoða áhrif yfirfærslunnar á eftirstandandi tryggingataka hjá UKLAP og núverandi tryggingataka hjá ALPI DAC í síðari kafla.

Írsk viðskipti í hagnaðarskyni

Bótavæntingar tryggingataka og samningsbundin réttindi

- 3.17 Það verða engar efnislegar breytingar á neinum ákvæðum og skilmálum írskra fyrirtækja í hagnaðarskyni samkvæmt áætluninni nema ALPI DAC er tryggingarfélagið en ekki UKLAP.
- 3.18 Einkum skal geta þess að ekki verða neinar efnislegar breytingar hvað varðar trúnað og við allar breytingar á trúnaðarstefnu þarf samskonar stjórnunarferli að vera við lýði fyrir og eftir yfirfærsluna.
- 3.19 Engar breytingar verða á fjárfestingarstefnu Írskra fyrirtækja í hagnaðarskyni vegna áætlunarinnar.
- 3.20 Á heildina lítið er ég sáttur við að það verði engar efnislegar breytingar á bótavæntingum eða samningsbundnum réttindum írskra fyrirtækja í hagnaðarskyni.

Bótaöryggi tryggingataka

- 3.21 Miðað við upplýsingarnar sem er að finna í málsgreinunum hér að ofan hef ég komist að þeirri niðurstöðu að:
- Áætlunin leiðir ekki til þess að yfirfærðir tryggingatakar séu færðir til tryggingafélags sem er efnislega verr sett, eins og það er mælt með SCR kvarða, heldur en UKLAP;
 - Bæði ALPI DAC og UKLAP eru með nægjanlega eiginfjárstöðu til að standa af sér öfgakenndar aðstæður;
 - SRA ALPI DAC gefur yfirfærðum tryggingatökum samskonar stig viðvarandi verndar samanborið við SRA UKLAP;
 - Bæði UKLAP og ALPI DAC hafa efnislega svipuð SRA þar sem þau framfylgja bæði áhættustjórnunarramma Aviva Group, til að vernda gjaldþol, auk þess eru eftirlitsaðilar innan Bretlands og Írlands með svipuð markmið þegar kemur að því að vernda gjaldþol; og
 - Mismunurinn á áhættusniðum UKLAP og ALPI DAC er ólíklegur til að hafa nokkur efnisleg áhrif á yfirfærða tryggingataka.
- 3.22 Á heildina litið er ég sáttur við að það séu engin efnislega neikvæð áhrif á bótaöryggi írskra fyrirtækja í hagnaðarskyni.

FSCS

- 3.23 Sögulega hefur UKLAP talið að írsk viðskipti í hagnaðarskyni sem eru flutt yfir til UKLAP undir írsku áætluninni séu ekki tryggð undir FSCS. Þannig verður það áfram eftir yfirfærsluna.
- 3.24 Írsk viðskipti í hagnaðarskyni sem seld voru í gegnum írsk útibúi UKLAP síðan írsku áætlunin var tekin upp fellur núna undir FSCS, sem er „neyðarsjóður“ í Stóra-Bretlandi fyrir tryggingataka og lítil fyrirtæki (sem eru með ársveltu undir 1.000.000 GBP) þegar tryggingafélag getur ekki uppfyllt skuldbindingar sínar. Hann verndar tryggingataka á meðan tryggingu þeirra stendur ef fjármálaþjónustufyrirtæki verður ógjaldfært. Ef UKLAP yrði gjaldþota og gæti ekki greitt tryggingakröfum að fullu, myndi FSCS bæta fjárhagslegt tjón til að vernda 100% af langtíma tryggingabótum. FSCS tryggir tryggingataka breskra tryggingafélaga eða EEA útibúa breskra tryggingafélaga. Eftir að áætlunin er innleidd munu tryggingatakar írskra viðskipta í hagnaðarskyni sem seld eru í gegnum írsk útibúi UKLAP, eftir írsku áætlunina, vera með tryggingar hjá írskum tryggingatökum og missa þannig verndun hjá FSCS. Það er ekkert jafngildi FSCS sem tryggir líftryggingarrekstur í Írlandi.
- 3.25 Tilgangurinn með áætluninni er að viðhalda yfirfærðum tryggingum eftir Brexit. Ég tel, í þeirri fullvissu að Aviva Group muni geta viðhaldið þessum tryggingum með lögmætum hætti í kjölfar Brexit og að því sé afnám verndar samkvæmt FSCS óhjákvæmileg afleiðing af áætluninni. FSCS veitir verndina eftir gjaldþrot. Þar sem bæði UKLAP og ALPI DAC eru með sterka eiginfjárstöðu og uppfylla Gjaldþol II⁵

⁵ Ný stýriregla fyrir váttryggjendur sem tók gildi þann 1. janúar 2016 og miðaði að því að samræma regluverk í öllum löndum innan ESB og EES.

reglugerðina, eru líkurnar á gjaldþroti fyrir þessi fyrirtæki aftar litlar. Þar af leiðir að líkurnar á að leita þurfi þessarar verndar eru einnig mjög litlar. Ég er sáttur við að tapið á vernd FSCS hafi ekki efnislega neikvæð áhrif á írsk viðskipti í hagnaðarskyni.

Umboðsmaður

- 3.26 Fyrir yfirfærsluna, féllu írsk viðskipti í hagnaðarskyni undir FSPO í Írlandi þegar kom að því að leysa úr kvörtunum tryggingataka gagnvart UKLAP. Það er vegna þess að viðskiptin voru undir írsku útibúi UKLAP. Eftir yfirfærsluna falla írsk viðskipti í hagnaðarskyni áfram undir FSPO.

Endurtrygging

- 3.27 Brexit endurtryggingin hefur ekki efnislega neikvæð áhrif á írsk viðskipti í hagnaðarskyni.

Stjórnunarhættir

- 3.28 Bæði UKLAP og ALPI DAC hafa stjórnunarhætti sem eru samræmi við almennan ramma Aviva Group um stjórnunarhætti.
- 3.29 Stjórnun írskra viðskipta í hagnaðarskyni sem flutt voru til ALPI DAC mun að stórum hluta endurspeglja stjórnunina sem var til staðar fyrir yfirfærsluna, og stjórn ALPI DAC ber ábyrgð á stjórnun þessara trygginga. Núverandi meginreglur og starfsvenjur við fjármálastjórnun („PPFM“) verða efnislega óbreyttar og WPC mun áfram hafa yfirumsjón með írskum viðskiptum í hagnaðarskyni. Þar að auki hefur UKLAP greint kafla 20 af Viðskiptahátta handbókinni („COBS“) og hefur fært núgildandi reglur inn í PPFM þar sem það var nauðsynlegt.
- 3.30 Í heildina séð er ég sáttur við að stjórnun írskra viðskipta í hagnaðarskyni verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum af yfirfærslunni.

Skattar

- 3.31 Ég tek til skoðunar skattaleg áhrif yfirfærslunnar á hvern hóp mismunandi tryggingataka í skýrslunni.
- 3.32 Á heildina litið hefur yfirfærslan ekki veruleg neikvæð skattaleg áhrif á írsk viðskipti í hagnaðarskyni.

Þjónustustig

- 3.33 Yfirfærslan breytir ekki þjónustustöðlum írskra viðskipta í hagnaðarskyni.

Írsk viðskipti án hagnaðar

Bótavæntingar tryggingataka og samningsbundin réttindi

- 3.34 Það verður engin efnisleg breyting á neinum ákvæðum og skilmálum írskra viðskipta án hagnaðar samkvæmt áætluninni nema ALPI DAC greiðir út bætur en ekki UKLAP.
- 3.35 Einkum skal geta þess að ekki verða neinar efnislegar breytingar hvað varðar trúnað og við allar breytingar á trúnaðarstefnu þarf samskonar stjórnunarferli að vera við lýði fyrir og eftir yfirfærsluna.
- 3.36 Á heildina litið er ég sáttur við að það sé engin efnisleg breyting á bótavæntingum eða samningsbundnum réttindum írskra viðskipta án hagnaðar.

Bótaöryggi tryggingataka

3.37 Miðað við upplýsingarnar sem er að finna í málsgreinunum hér að ofan hef ég komist að þeirri niðurstöðu að:

- Áætlunin leiðir ekki til þess að yfirfærðir tryggingatakar séu færðir til tryggingafélags sem er efnislega verr sett, eins og það er mælt með SCR kvarða, heldur en UKLAP;
- Bæði ALPI DAC og UKLAP eru með nægjanlega eiginfjárstöðu til að standa af sér ófgakenndar aðstæður;
- SRA ALPI DAC gefur yfirfærðum tryggingatökum samskonar stig viðvarandi verndar samanborið við SRA UKLAP;
- bæði UKLAP og ALPI DAC hafa efnislega svipaða áhættustjórnunarramma til staðar til að vernda gjaldþol, auk þess eru eftirlitsaðilar innan Bretlands og Írlands með svipuð markmið þegar kemur að því að vernda gjaldþol; og
- Mismunurinn á áhættusniðum UKLAP og ALPI DAC er ólíklegur til að hafa nokkur efnisleg áhrif á yfirfærða tryggingataka.

3.38 Á heildina lítið er ég sáttur við að það séu engin efnislega neikvæð áhrif á bótaöryggi fyrir írsk viðskipti án hagnaðar.

FSCS

3.39 Sögulega hefur UKLAP talið að írsk viðskipti án hagnaðar sem eru flutt yfir til UKLAP undir írsku áætluninni séu ekki tryggð undir FSCS. Þannig verður það áfram eftir yfirfærsluna.

3.40 Írsk viðskipti án hagnaðar sem seld eru í gegnum írsk útibú UKLAP eftir að írsku áætlunin tók gildi falla núna undir FSCS, sem er „neyðarsjóður“ í Stóra-Bretlandi fyrir tryggingataka og lítil fyrirtæki (sem eru með ársveltu undir 1.000.000 GBP) þegar tryggingafélag er ófært um að uppfylla skuldbindingar sínar að fullu. Hann verndar tryggingataka á meðan tryggingu þeirra stendur ef fjármálaþjónustufyrirtæki verður ógjaldfært. Ef UKLAP yrði gjaldþrota og gæti ekki greitt tryggingakröfum að fullu, myndi FSCS bæta fjárhagslegt tjón til að vernda 100% af langtíma tryggingabótum. FSCS tryggir tryggingataka breskra tryggingafélaga eða EEA útibúa breskra tryggingafélaga. Eftir að áætlunin er innleidd munu tryggingatakar írskra viðskipta án hagnaðar sem seld eru í gegnum írsk útibú UKLAP, eftir írsku áætlunina, vera með tryggingar hjá írskum tryggingatökum og missa þannig verndun hjá FSCS. Það er ekkert jafngildi FSCS sem tryggir líftryggingarrekstur í Írlandi.

3.41 Tilgangurinn með áætluninni er að viðhalda yfirfærðum tryggingum eftir Brexit. Ég tel afar mikilvægt og er fullviss um að Aviva Group muni geta viðhaldið þessum tryggingum með lögumætum hætti í kjölfar Brexit og að því sé afnám verndar samkvæmt FSCS óhjákvæmileg afleiðing af áætluninni. FSCS veitir verndina ef til gjaldþrots kemur. Þar sem bæði UKLAP og ALPI DAC eru með sterka eiginfjárstöðu og uppfylla Gjaldþol II reglugerðina, eru líkurnar á gjaldþroti

fyrir þessi fyrirtæki aftar litlar. Þar af leiðir að líkurnar á að leita þurfi þessarar verndar eru einnig mjög litlar. Ég er sáttur við að tapið á vernd FSCS hafi ekki efnislega neikvæð áhrif á írsk viðskipti án hagnaðar.

Umboðsmaður

- 3.42 Fyrir yfirfærsluna, féllu írsk viðskipti án hagnaðar undir FSPO í Írlandi þegar kom að því að leysa úr kvörtunum tryggingataka gagnvart UKLAP. Það er vegna þess að viðskiptin voru undir írsku útibúi UKLAP. Eftir yfirfærsluna falla írsk viðskipti í hagnaðarskygni áfram undir FSPO.

Endurtrygging

- 3.43 Brexit endurtryggingin hefur ekki efnislega neikvæð áhrif á írsk viðskipti án hagnaðar.

Stjórnunarhættir

- 3.44 Bæði UKLAP og ALPI DAC hafa stjórnunarhætti sem eru samræmi við almennan ramma Aviva Group um stjórnunarhætti.
- 3.45 Stjórnun írskra viðskipta án hagnaðar sem flutt voru til ALPI DAC mun að stórum hluta endurspeglja stjórnunina sem var til staðar fyrir yfirfærsluna, og stjórn ALPI DAC ber ábyrgð á stjórnun þessara trygginga.
- 3.46 Í heildina séð er ég sáttur við að stjórnun írskra viðskipta án hagnaðar verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum af yfirfærslunni.

Skattar

- 3.47 Ég tel að skattaleg áhrif yfirfærslunnar hafi ekki efnislega neikvæð áhrif á írsk viðskipti án hagnaðar.

Þjónustustig

- 3.48 Yfirfærslan breytir ekki þjónustustöðlum írskra viðskipta án hagnaðar.

OLAB

Bótavæntingar tryggingataka og samningsbundin réttindi

- 3.49 Það verður engin efnisleg breyting á neinum ákvæðum og skilmálum OLAB trygginga samkvæmt áætluninni nema ALPI DAC greiðir út bætur en ekki UKLAP.
- 3.50 Sérstaklega verða engar efnislegar breytingar á því hvernig trúnaði er beitt. Hverskonar breytingar á trúnaðarstefnu mun þurfa að fylgja svipuðu stjórnunarferli fyrir og eftir yfirfærsluna.
- 3.51 Á heildina litið er ég sáttur við að það séu engar efnislegar breytingar á bótavæntingum eða samningsbundum réttindum OLAB tryggingataka.

Bótaöryggi tryggingataka

- 3.52 Miðað við upplýsingarnar sem er að finna í málsgreinunum hér að ofan hef ég komist að þeirri niðurstöðu að:

- Áætlunin leiðir ekki til þess að yfirfærðir tryggingatakar séu færðir til tryggingafélags sem er efnislega verr sett, eins og það er mælt með SCR kvarða, heldur en UKLAP;

- Bæði ALPI DAC og UKLAP eru með nægjanlega eiginfjárstöðu til að standa af sér öfgakenndar aðstæður;
- SRA ALPI DAC gefur yfirfærðum tryggingatökum samskonar stig viðvarandi verndar samanborið við SRA UKLAP;
- bæði UKLAP og ALPI DAC hafa efnislega svipaða áhættustjórnunarramma til staðar til að vernda gjaldþol, auk þess eru eftirlitsaðilar innan Bretlands og Írlands með svipuð markmið þegar kemur að því að vernda gjaldþol; og
- Mismunurinn á áhættusniðum UKLAP og ALPI DAC er ólíklegur til að hafa nokkur efnisleg áhrif á yfirfærða tryggingataka.

3.53 Á heildina litið er ég sáttur við að það séu engin efnislega neikvæð áhrif á bótaöryggi OLAB tryggingataka.

FSCS

3.54 OLAB er núna tryggt af FSCS, sem er „neyðarsjóður“ í Stóra-Bretlandi fyrir tryggingataka og lítil fyrirtæki (með ársveltu upp á minna en 1.000.000 GBP) þegar tryggingarfélag getur ekki uppfyllt skuldbindingar sínar að fullu. Hann verndar tryggingataka á meðan tryggingu þeirra stendur ef fjármálaþjónustufyrirtæki verður ógjaldfært. FSCS tryggir tryggingataka breskra tryggingafélaga eða EEA útibúa breskra tryggingafélaga. Eftir að áætlunin er innleidd, munu tryggingatakar OLAB vera með tryggingar hjá írsku tryggingafyrirtæki og munu því missa FSCS verndina. Það er ekkert jafngildi FSCS sem tryggir líftryggingarrekstur í Írlandi.

3.55 Tilgangurinn með áætluninni er að viðhalda yfirfærðum tryggingum eftir Brexit. Ég tel afar mikilvægt og er þess fullviss að Aviva Group muni geta viðhaldið þessum tryggingum með lögsmætum hætti í kjölfar Brexit og að því sé afnám verndar samkvæmt FSCS óhjákvæmileg afleiðing af áætluninni. FSCS veitir verndina ef til gjaldþrots kemur. Þar sem bæði UKLAP og ALPI DAC eru með sterka eiginfjárstöðu og uppfylla Gjaldþol II reglugerðina, eru líkurnar á gjaldþroti fyrir þessi fyrirtæki aftar litlar og þar af leiðir að líkurnar á að leita þurfi þessarar verndar eru einnig mjög litlar. Ég er sáttur við að tapið á vernd FSCS hafi ekki efnislega neikvæð áhrif á OLAB tryggingataka.

Umboðsmaður

- 3.56 Fyrir yfirfærsluna gildi að fyrir OLAB tryggingar sem seldar voru á grundvelli stofnfrelsis, að hverskonar kvörtunum sem UKLAP og tryggingataki gátu ekki leyst úr sín á milli var vísað til umboðsmanns í því landi sem tryggingin var seld í.
- 3.57 Fyrir OLAB tryggingar sem seldar voru á grundvelli þjónustufrelsis geta tryggingatakar leitað til FOS í Bretlandi. Fyrir þýskar OLAB, sem voru einnig seldar á grundvelli þjónustufrelsis, sér umboðsmaður í Þýskalandi aðallega um kvartanir þó að þeir tryggingatakar hafi einnig rétt á aðgangi að FOS í Bretlandi.
- 3.58 Eina breytingin á stöðunni hér að ofan vegna áætlunarinnar er að íslensk og sænsk viðskipti falla undir FSPO í Írlandi frekar en FOS í Bretlandi fyrir nýjar kröfur sem koma til eftir yfirfærsluna. Eftir yfirfærsluna munu þýsk viðskipti áfram hafa

aðgang að þýsku umboðsmannsþjónustunni, en einnig að FSPO frekar en FOS fyrir nýjar kröfur sem koma til eftir yfirfærsluna. Í þremur aðstæðum mun FOS áfram hafa lögsögu eftir yfirfærsluna:

- i. Þegar kröfur eru í ferli þegar yfirfærslan á sér stað, munu þær áfram vera rannsakaðar af FOS;
- ii. Sölukvartanir verða áfram rannsakaðar af umboðsmanni í því landi sem dreifingaraðili/milligöngumaður seldi vöruna; og
- iii. FOS mun áfram rannsaka kvartanir sem snúa að framkomu UKLAP fyrir dagsetningu yfirfærslunnar.

3.59 Umræður eru í gangi við FCA varðandi hvort OLAB tryggingatakar geti lagt fram kvartanir vegna framkomu eftirlitsstarfsemi UKLAP eftir gildistíma áætlunarinnar og ég mun gefa hverskonar viðeigandi uppfærslur við þetta í viðbótarskýrslu minni⁶.

3.60 Ég ræði lykilmuninn á milli FSPO og FOS ítarlegar í skýrslunni. Í stuttu máli tengist munurinn:

- Frestir til að leggja fram kvörtun og
- Hámarki á bótum.

3.61 Á heildina litið, að mínu áliti, eru breytingar á aðgengi að þjónustu umboðsmanns vegna áætlunarinnar ekki taldar hafa efnislega neikvæð áhrif á OLAB

Endurtrygging

3.62 Brexit endurtryggingin gerir handhöfum OLAB tryggingaskírteina með hagnaði kleift að halda áfram þátttöku í upphaflegum sjóðum og handhöfum einingategdra OLAB tryggingaskírteina kleift að halda áfram að fjárfesta í sjóðunum sem þeir höfðu aðgang að fyrir yfirfærsluna. Eftir að hafa farið yfir Brexit endurtrygginguna er ég sáttur við að hún muni virka þannig að hún tryggji að OLAB tryggingar muni áfram geta tekið þátt í þeim sjóðum í hagnaðarskyni sem þær eru nú í, og að einingategdir OLAB tryggingatakar muni áfram hafa aðgang að þeim sjóðum sem þeir hafa aðgang að fyrir yfirfærsluna.

3.63 Ef annað hvort UKLAP eða ALPI DAC bindur enda á endurtrygginguna sem sett er á með áætluninni, er kröftugur stjórnunarrámmi útlitaður í áætluninni og Brexit endurtryggingunni sem þarf að fylgja til þess að lok Brexit endurtryggingarinnar geti átt sér stað. Þessi stjórnun sem lýst er í Brexit endurtryggingunni varðandi lok samningsins gerir það að verkum að ég er sáttur við að næg vernd sé til staðar til að tryggja að skilmálar hverskonar loka séu sanngjarnir öllum hópum tryggingataka.

3.64 UKLAP og ALPI DAC hafa samþykkt samning um fljótt gjald sem tengist Brexit endurtryggingunni. Tilgangur gjaldsins er að samstillta hagsmuni ALPI DAC og

⁶ Ef nauðsyn krefur, og til að endurspeglar nýjar upplýsingar eða aðstæður sem fram koma þegar nær dregur fyrirtökunni, mun ég leggja fram viðbótarskýrslu um áætlunina.

UKLAP tryggingataka í tengslum við dreifingu eigna í UKLAP ef til þess kemur að UKLAP verði gjaldþrota. Í grófum dráttum gefur þetta tryggingatökum sömu stöðu og þeir hafa núna komi til gjaldþrots UKLAP. Fyrir þetta atriði leitaði ég sjálfstæðrar lögræðiráðgjafar og ég er sáttur við að komi til gjaldþrots UKLAP, muni gjaldið virka eins og lagt er upp með.

3.65 Þar að auki er UKLAP með kröftugan áhættustjórnunarramma til staðar, viðeigandi SRA og er með eiginfjárstöðu fyrir ofan markmiðs SRA-hlutfall. Á heildina lítið tel ég að hættan á gjaldþroti UKLAP sé lítil.

3.66 Í stuttu máli er ég sáttur við að Brexit endurtryggingin geti því stuðlað að áframhaldandi þátttöku í upprunalegum hagnaðarsjóðum tryggingataka OLAB og því að einingatengdir tryggingatakar OLAB hafi áfram aðgang að sömu einingasjóðunum. Ennfremur tel ég að fljótandi gjaldið sem tengist endurtryggingunni virki þannig að meðhöndlun á ALPI DAC verði sambærileg og meðferð á beinum tryggingatökum UKLAP komi til þess að UKLAP verði gjaldþrota.

Stjórnunarhættir

3.67 Bæði UKLAP og ALPI DAC hafa stjórnunarhætti sem eru samræmi við almennan ramma Aviva Group um stjórnunarhætti.

3.68 Þar sem OLAB tryggingatakar verða beinir tryggingatakar ALPI DAC eftir yfirfærsluna mun stjórn ALPI DAC bera endanlega ábyrgð á stjórnun þessara trygginga. HoAF ALPI DAC mun annast frekara eftirlit og nýstofnaður einingaverðshópur innan ALPI DAC („ALPI DAC UPG“) hefur frekari eftirlit með einingaverði einingatengdra OLAB trygginga. Þar að auki verða allar OLAB tryggingar 100% endurtryggðar til UKLAP og munu því áfram njóta ávinnings af sömu stjórnun og átti við fyrir yfirfærsluna.

3.69 Í heild er ég sáttur við að stjórnun OLAB verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum af yfirfærslunni.

Skattar

3.70 Ég tel að skattaleg áhrif yfirfærslunnar hafi ekki efnislega neikvæð áhrif á OLAB tryggingar.

Þjónustustig

3.71 Stjórnun OLAB verður ekki breytt vegna yfirfærslunnar.

4 Áhrif yfirfærslunnar á eftirstandandi tryggingataka UKLAP

4.1 Yfirfærðir tryggingatakar eru lítið hlutfall heildar tryggingaskuldbindinga UKLAP (u.þ.b. 3%).

4.2 Samkvæmt skilmálum áætlunarinnar verða engar efnislegar breytingar á neinum ákvæðum og skilmálum trygginga sem eftir verða hjá UKLAP og það verða engar breytingar á því hvernig bætur eru ákvarðaðar.

- 4.3 Ekki eru heldur nein veruleg áhrif á SRC hlutfall UKLAP fyrir eftirstandandi tryggingataka UKLAP. SCR hlutföll UKLAP fyrir og eftir yfirfærsluna eins og það stendur 31. desember 2017 eru sýnd í töflunni hér að neðan.

	UKLAP Fyrir áætlunina	UKLAP Eftir áætlunina
SCR hlutfall	152%	153%

- 4.4 UKLAP er með eiginfjármagnsstöðu yfir SRA bæði fyrir og eftir yfirfærsluna. Það verður engin breyting á markmiðs SRA-hlutfalli sem hefur áhrif á eftirstandandi tryggingataka UKLAP né nokkrar breytingar á nokkru fyrirkomulagi stjórnunarháttá af völdum yfirfærslunnar.
- 4.5 Brexit endurtryggingin tryggir að við eðlilegar aðstæður muni stjórnun sjóða í hagnaðarskyni hjá UKLAP vera óbreytt.
- 4.6 Ef bundin verður endir á Brexit endurtrygginguna, mundi það krefjast þess að þeim sjóðum UKLAP sem verða fyrir áhrifum (þeir sem OLAB tryggingar eru í núna) verði skipt á milli eftirstandandi tryggingataka UKLAP og yfirfærðra tryggingataka. Komi til þess ætti kröftugur stjórnunarrámminn sem komið er á í áætluninni og í Brexit endurtryggingunni að tryggja sanngjörn skipti á milli allra hópa tryggingataka.
- 4.7 Að auki við Brexit endurtrygginguna, munu UKLAP og ALPI DAC einnig taka upp gjaldið við gildistíma. Uppsetningin er þannig að ef svo ólíklega vill til að UKLAP verði gjaldþrota, munu hagsmunir ALPI DAC í tengslum við skiptingu eigna UKLAP verða samstilltir við stöðuna sem yfirfærðir tryggingatakar höfðu fyrir flutninginn til ALPI DAC. Það þýðir að ef UKLAP verður gjaldþrota verður staða eftirstandandi tryggingataka óbreytt frá því hvernig hún var fyrir yfirfærsluna.
- 4.8 Engin breyting verður á stjórnun, útgjaldastefnu eða skatti sem lagður er á eftirstandandi tryggingataka UKLAP.
- 4.9 Á heildina litið tel ég að það verði engin veruleg áhrif á eftirstandandi tryggingataka UKLAP af völdum yfirfærslunnar.

Samskipti við eftirstandandi tryggingataka hjá UKLAP

- 4.10 UKLAP hefur sótt um undanþágu frá dómstólum vegna kröfunnar til að láta alla tryggingataka UKLAP vita um áætlunina. Þar af leiðir að eftirstandandi tryggingatökum UKLAP verður ekki tilkynnt um áætlunina. Ég komst að þeirri niðurstöðu að eftirstandandi tryggingatakar UKLAP verði ekki fyrir neinum efnislegum áhrifum og það séu engin efnisleg vandamál sem þarf að vekja athygli þessara tryggingataka á.

5 Áhrif yfirfærslunnar á núverandi tryggingataka ALPI DAC

- 5.1 Taflan hér að neðan sýnir fjölda tryggingataka og BEL þann 31. desember 2017, skipt á milli núverandi tryggingataka ALPI DAC og yfirfærðra tryggingataka eftir yfirfærsluna:

ALPI DAC	Fjöldi tryggingataka	BEL (€m)
Yfirfærðir tryggingatakar	462.278	7.024
Núverandi tryggingatakar	159.622	4.514
Samtals	621.900	11.538

- 5.2 Samkvæmt skilmálum áætlunarinnar verða engar efnislegar breytingar á neinum ákvæðum og skilmálum trygginga fyrirbyggjandi tryggingataka hjá ALPI DAC og það verða engar breytingar á því hvernig bætur eru ákvarðaðar.
- 5.3 SRA ALPI DAC verður óbreytt vegna yfirfærslunnar. Eftir yfirfærsluna munu hverskonar efnislegar breytingar á SRA að fylgja kröftugum stjórnunarramma. Ég er þar af leiðandi sáttur við að innleiðing frekari stjórnunar á SRA styrki núverandi stefnu.
- 5.4 SCR hlutföll af ALPI DAC fyrir og eftir yfirfærsluna þann 31. desember 2017 eru sýndir í töflunni hér að neðan. Eftir yfirfærsluna mun SCR hlutfallið vera áfram í samræmi við markmiðið sem sett er fram í SRA stefnu.

	ALPI DAC Fyrir yfirfærsluna	ALPI DAC Eftir yfirfærsluna
SCR hlutfall	158%	150%

- 5.5 Yfirfærslan mun hafa í för með sér breytingu á áhættumati ALPI DAC. Engu að síður er meirihluti áhætta áfram á svipuðu stigi, og það eru hlutfallsleg minnkun á útsetningu fyrir sjúkdómsbyrgði og stórslysaáhættu. Á heildina litið er ég sáttur við að breytingin á áhættusniði muni ekki hafa í för með sér nein efnisleg neikvæð áhrif á núverandi tryggingataka ALPI DAC.
- 5.6 Ég hef einnig tekið til skoðunar framtíðar gjaldþol ALPI DAC og hin ýmsu sviðsmynda og næmnipróf sem hafa verið framkvæmd hjá ALPI DAC. Og ég er sáttur við að þessi próf ná yfir nægilega víðtæka atburði og endurspeglir áhættur í ALPI DAC. Niðurstöður þessara prófa sýna að jafnvel við álagsaðstæður geti ALPI DAC tekið upp nægjanlegar stjórnunaraðgerðir til að tryggja að SCR hlutfall fari aftur í markmiðs SRA-hlutfall, eins og það er sett fram í ALPI DAC SRA, á tímanlegan hátt.
- 5.7 Brexit endurtryggingin eykur hættu á greiðslufalli mótaðila innan SCR fyrir ALPI DAC vegna útsetningar ALPI DAC fyrir fjárhagsstöðu UKLAP. Engu að síður er UKLAP með kröftugan áhættustjórnunarramma til staðar með viðeigandi SRA og er með eiginfjárstöðu yfir markmiði. Þar að auki, á efnahagslegum

grundvelli, dregur gjaldið sem tengist Brexit endurtryggingunni að mestu leyti útsetningu fyrir gjaldþroti mótaðila. Skýrsla I skoðar SCR hlutfall ALPI DAC við ýmskonar álag í markaðsóstöðugleikalíkani og ég ályktaði að ALPI DAC sé með nægjanlegar stjórnunarráðstafanir tiltækar til að tryggja að það geti staðist vanskilaálag mótaðila auk óhagstæðra skilyrða, sem takmarkar áhrif váhrifa vegna vanskilahættu mótaðila á núverandi tryggingataka ALPI DAC.

- 5.8 Engar breytingar verða á stjórnun, útgjaldastefnu eða skatti sem lagður er á núverandi tryggingataka UKLAP.
- 5.9 Á heildina litið tel ég að það verði engin veruleg áhrif á núverandi tryggingataka ALPI DAC af völdum yfirfærslunnar.

Samskipti við núverandi tryggingataka hjá ALPI DAC

- 5.10 Núverandi tryggingatakar ALPI DAC munu fá sendan pakka, sem inniheldur fylgiskjal, bækling með spurningum og svörum sem útskýrir áætlunina, yfirlit yfir áætlunarskjalið og lögbirtingu. Núverandi tryggingatakar fá einnig sent afrit af þessari yfirlitsskýrslu. Bréfið mun upplýsa þá um áætlunina og rétt þeirra til að andmæla. Það mun einnig tilkynna um kaup UKLAP á ALPI DAC. Ég er sáttur við að samskiptin séu viðeigandi, skýrt orðuð og ekki villandi. Þar að auki innihalda samskiptin þær lykilupplýsingar sem ég tel að séu viðeigandi miðað við reynslu mína af öðrum áætlunum.

6 Önnur mál

Réttur tryggingataka sem eru mótfallnir áætluninni

- 6.1 Allir tryggingatakar sem telja að þeir verði fyrir neikvæðum áhrifum af áætluninni geta send mótmæli sín til UKLAP, ALPI DAC og/eða dómstólinn. Ég mun taka hverskonar slík mótmæli til greina þegar ég skoða áreiðanleika áætlunarinnar þegar ég gef út viðbótarskýrslu síðar í ferlinu.

Áhrif yfirfærslunnar á endurtryggjendur yfirfærðra trygginga

- 6.2 Núverandi fyrirkomulag endurtrygginga fyrir írsk viðskipt og OLAB tryggingar mun halda áfram eins og það er núna, og tryggja fyrir sömu hættum, að því undanskildu að endurtryggingasamkomulag sem tryggir írsk viðskipti mun flytjast til ALPI DAC vegna yfirfærslunnar. Þar af leiðandi er ég sáttur við að endurtryggjendur verði ekki fyrir neinum efnislega neikvæðum áhrifum af yfirfærslu trygginganna.

Tim Roff FIA

Meðeigandi
Grant Thornton UK LLP



Grant Thornton

www.grant-thornton.co.uk

© 2018 Grant Thornton UK LLP. All rights reserved.

"Grant Thornton" means Grant Thornton UK LLP, a limited liability partnership.

Grant Thornton UK LLP is a member firm within Grant Thornton International Ltd ("Grant Thornton International"). Grant Thornton International and the member firms are not a worldwide partnership. Services are delivered by the member firms independently.

IE3-4-1_1018